

Reykjavík, 21. september 2016


### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu

Aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu hefði jákvæð áhrif á menntun, rannsóknir, nýsköpun og þróun á Íslandi, og myndi um leið vera jákvætt framlag til mikilvægs alþjóðlegs samstarfs í geimvísindum til að skilja betur þróun jarðarinnar, sólkerfið okkar og alheiminn. Fyrirkomulag samstarfsins um Geimvísindastofnun Evrópu tryggir enn fremur að framlag Íslands mun skila sér í samsvarandi fjármögnun verkefna á Íslandi.

Menntun, rannsóknir og nýsköpun eru og verða undirstaða hagvaxtar og þar með góðra lífskjara á Íslandi. Mikið hefur áunnist á undanförunum árum og það hefur skilað sér í betri innviðum samfélagsins og aukinni hagsæld. En í heimi sem tekur stöðugum breytingum er lífsnauðsynlegt fyrir Íslendinga að halda áfram að efla menntun og nýsköpun. Sér í lagi skiptir miklu máli að efla menntun og þróun í tækni og raunvísindum. Á þetta hefur verið bent í fjölmörgum skýrslum, þar á meðal í skýrslu McKinsey & Company frá árinu 2012 ("Charting a Growth Path for Iceland") sem og í stefnu stjórnvalda.

Aðild að Geimvísindastofnun Evrópu myndi hafa margþætt jákvæð áhrif á menntun og þróun í tækni og raunvísindum á Íslandi, en meðal mikilvægustu áhrifanna er að skapa hvata og viðmiðanir fyrir börn og unglunga að leggja fyrir sig tæknimenntun og raunvísindi. Aðild Íslands myndi jafnframt vera mjög jákvætt framlag til mikilvægs alþjóðlegs samstarfs sem skilar sér í betri þekkingu á þróun jarðarinnar og alheimsins.

Virðingarfyllst,



Ari Kristinn Jónsson  
Rektor Háskólans í Reykjavík